

Stjórnarfundur nr. 10

10. desember 2008

kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Gunnlaugur Valtýsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Friðrik Lunddal og Valgerður Júlíusdóttir. Margrét Kjartansdóttir mætti kl.19:30

1. Stjórnarmenn spanieldeildar mæta á fundinn kl.17:00.
2. Skólanefnd HRFÍ – Sigurður B. Björnsson hefur sagt sig úr nefndinni
Finna þarf annan aðila í skólanefndina. Allir sammála um að fá Margréti Kjartansd. sem fulltrúa í skólanefnd.
3. Tilkynning frá fjár- og hjarðhundadeild:
Ný heimasíða var opnuð www.bordercollie.is sem er tegundarsíða um border collie í Hrfí. Tengiliður Guðrún Sigurðardóttir sem sér um síðuna. Tengiliður briards er Lára Sigurðardóttir og setti hún upp fyrir stuttu tegundarsíðu www.briardar.com um Hrfí briardanna. www.sheltie.is sem hýsir deildarsíðuna og er búin að vera í loftinu í nokkur ár. Þar með eru komnar 3 tegundarsíður sem gerir fjár og hjarðhundsíðuna veglegri og deilda öflugri. Mikil vinna liggur að baki vefsíðu.
4. Innra vefkerfi – staða
5. NKU fundur í byrjun janúar – væntanlega 7. janúar frá kl. 10:00-15:00. **A-2177**
Fundarefni er samræming á sýningareglum Norðurlandanna. HRFÍ sendir fulltrúa ef ódýrt fargjald fæst. Vísindaráðsfundur verður 8. janúar frá kl.8:30-12:00 í Osló. Þar sem ekkert sérstakt liggur fyrir vísindaráðsfundinum mælir stjórn með að Helga Finnsdóttir fari ekki á fundinn og láti fundargerðir nægja að þessu sinni.
A-2177a
6. Erindi frá papillon deild **A-2178**
A-2179
7. Bréf frá Unglingadeild **A-2180 / 2180a/A-2180b**
8. Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ
9. Meistaratitlar – samræma við FCI - **Frestað þar til staðfesting kemur.**
10. Bréf frá Fjár-og hjarðahundadeild – ítrekun varðandi meistaratitla – **Frestað þar til við fáum svar frá FCI**
11. Hund 2008 - „Norden” 6. – 8. desember 2008 **A-2181**
HRFÍ fékk úthlutað bás sem var staðsettur með hinum hundaræktarfélagunum. Básinn var skreyttur með bláum dúkum og hengdar upp á hann myndir af íslenska fjárhundinum. Díf útvegaði myndirnar ásamt logo félagsins. Eitt borð var einnig klætt í bláan dúk og framan á borðinu var mynd af íslenskum fjárhundi. Á borðinu voru 3 tölvur þar sem Ísland var kynnt, saga félagsins og starfsemi. Einnig var spilað dvd með kynningu á íslenska fjárhundinum. Mikill erill var á básinn og skrifðu fjölmargir í gestabókina. Kynning HRFÍ var spiluð í úrslitum kl.15 og allir sammála um að það væri best og áhrifaríkast. Jóna og Guðríður horfðu á íslenska fjárhundinn dæmdann en 11 hundar komu í dóm, dómari var Hans Åke Sperne. Jóna tók myndir af öllum hundum einnig voru teknar video og digitalmyndir af básnum og kynningunni.
12. Fulltrúaráðsfundur í (desember) janúar/febrúar 2009
13. Önnur mál
14. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 14. janúar 2009, kl. 16:30
Fundu slitið kl.19:30